



Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

1	Umsögn um drög að breytingum á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, dags. 9. júní 2022.
2	Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um opinbera málstefnu íslensks tákn máls, dags. 10. júní 2022.
3	Ráðning leikskólastjóra í Borg: Linda Rún Traustadóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Borg frá og með 1. apríl 2022.
4	Ráðning leikskólastjóra í Hagaborg: Erna Guðlaugsdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Hagaborg frá og með 1. júní 2022.
5	Ráðning leikskólastjóra í Langholt: Sigrún Bragadóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Langholt frá og með 1. júní 2022.
6	Ráðning leikskólastjóra í Sæborg: Hafdís Svansdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Sæborg frá og með 15. ágúst 2022.
7	Ráðning skólastjóra í Seljaskóla: Guðbjartur Ólason hefur verið ráðinn skólastjóri í Seljaskóla frá og með 1. ágúst 2022.
8	Ráðning skólastjóra í Fossvogsskóla: Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri í Fossvogsskóla frá og með 1. ágúst 2022.
9	Ráðning skólastjóra í Grandaskóla: Anna Sigríður Guðnadóttir hefur verið ráðin skólastjóri í Grandaskóla frá og með 1. ágúst 2022.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 4

101 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2022

SFS22060047

Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að breytingum á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 25. maí sl., þar sem kynnt er til samráðs drög að breytingum á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Eftirfarandi eru ábendingar skóla- og frístundasviðs:

Reynslan sýnir að komið getur til þess að til skemmri tíma verði leikskóla nauðsynlegt vegna tímabundinna aðstæðna að fjölga eða fækka börnum. Til að stuðla að skilvirkni og hraðari málsmeðferð vegna tímabundinna aðstæðna er lagt til að fram komi í reglugerðinni að sveitarstjórn verði heimilað að setja reglur um með hvaða hætti skuli staðið að ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni og að í þeim megi fela öðrum en sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu að taka ákvarðanir um fjölda barna til skemmri tíma en eins árs.


Lagt er til að 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar verði svohljóðandi:

Ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni skal tekin í samstarfi ~~leikskólastjóra og sveitarstjórnar~~ eða nefndar sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 og leikskólastjóra. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, stærðar- leik- og kennslurýmis, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu. Komi til ágreinings um fjölda barna í leikskóla hverju sinni tekur sveitarstjórn ákvörðun.

Lagt er til að sett verði ný 4. mgr. 6. gr. sem verði svohljóðandi:

Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um með hvaða hætti skuli staðið að ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Í reglum sveitarfélags er heimilt að fela öðrum innan sveitarfélagsins en sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008, að taka ákvarðanir um fjölda barna til skemmri tíma en eins árs. Reglur sveitarstjórnar samkvæmt þessari grein skulu birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 4

101 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2022
SFS22060072

Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að þingsályktunartillögu um opinbera málstefnu íslensks tákn máls

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 12. maí sl., þar sem kynnt eru til samráðs drög að þingsályktunartillögu um opinbera málstefnu íslensks tákn máls.

Eftirfarandi er umsögn skóla- og frístundasviðs:

Skóla- og frístundasvið fagnar málstefnu um íslenskt tákn máli. Þingsályktunartillagan er skýr og mjög þarft gagn þar sem fram að þessu, eftir að tákn máli var lögfest, hafði ekki farið fram vinna eins og þessi sem skýrir stöðu tákn máls.

Það er jákvætt að í drögunum er kveðið á um að allt samfélagið axli ábyrgð á að vernda og varðveita tákn máli og hlúa að börnum sem tala ÍTM í stað þess að skólastigin, leik- og grunnskóli, séu með mesta ábyrgð.

Drög að þingsályktunartillögunni eru í heild sinni afskaplega skýr en bent er á eftirfarandi: .

Þegar fjallað er um málfyrirmyndir heyrnarlausra barna eru túlkar teknir út fyrir sviga.


....“Til þess að þetta gerist þurfa málfyrirmyndir barnanna að vera góðar fjölbreyttar og margar. Tákn málstúlkar teljast ekki málfyrirmyndir í þeim skilningi að þeir uppfylla ekki þörf barnanna fyrir bein samskipti á máltökualdri.“

Tákn málstúlkar hafa lokið námi við HÍ í tákn málsfræði og tákn málstúlkun og búa yfir færni í málinu og túlka fyrir börnin við ýmsar ólíkar aðstæður og eiga alltaf einhver samskipti við þau auk þess að túlka.

„Ríkt málaumhverfi þýðir að hafa aðgengi að vönduðu, skýru og skiljanlegu máli í fjölbreyttum aðstæðum, ólíkum málalniðum, fjölbreyttri orðræðu, samskiptum við ólíkar málfyrirmyndir, á öllum tímum.“

Hlíðaskóli stendur frammi fyrir því að börnum sem nota ÍTM hefur fækkað verulega. Það væri til bóta að sjá tillögum að leiðum til að skapa ríkt tákn málsuuhverfi við þessar aðstæður.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs